



Til: egill@skipulag.is

Efni: Allt að 2.500 tonna framleiðsla á laxi og laxaseiðum við Laxabraut, Sveitarfélaginu Ölfusi - beiðni um umsögn

Upplýsingar: Sent: 23.05.2018 14:12:28 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018050012, Bréfalyklar: 42-2 Umsögn um matsskýrslur/matsáætlanir

Tilvísun í mál: 2018050012

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 2. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun fyrir allt að 2.500 tonna framleiðsla á laxi og laxaseiðum við Laxabraut, Sveitarfélaginu Ölfusi. Laxeldisstöðin er við Laxabraut í Sveitarfélaginu Ölfusi og er starfsemin þegar hafin að hluta og er hún staðsett á iðnaðarsvæði samkvæmt samþykktu skipulagi.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir matsáætlunina og telur að í henni komi fram hvaða umhverfisþætti þarf að fjalla um. Vegna umfangs og staðsetningu framkvæmdarinnar gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemd við þá þætti sem lögð verður mest áhersla á að fjalla um í matinu. Engu að síður telur Náttúrufræðistofnun að þó ekki verði farið í sérstakar úttektir eða rannsóknir vegna náttúrufræðisþátta eins og jarðminja, gróðurs og dýralífs þá þurfi að gera grein fyrir þeim ástamt landnotkun og skipulagi almennt í frummatsskýrslu svo að heildarmynd fái af framkvæmdinni og þeim áhrifum sem hún hefur haft og kann að hafa. Slíkt yfirlit þarf ekki að vera mikið að umfangi en er mikilvægt til að staðfesta það sem kemur fram í matsáætluninni um áherslur.

Gert er ráð fyrir að rækta kynbættan lax af norskum uppruna bæði í fulla stærð til slátrunar en einnig er gert ráð fyrir að flytja seiði úr stöðinni. Hún er því liður í að dreifa kynbættum laxi af norskum uppruna um landið.

Náttúrufræðistofnun hefur talað fyrir því að lax af fyrrgreindum stofni sé alin í lokuðu eldi. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir kostum og göllum þess, gagnvart náttúrulegum laxastofnum, að vera með fyrrgreint eldi í lokuðu kerfi og þátt stöðvarinnar í hugsanlegum áhrifum á náttúrulega laxastofna.

Á bls. 21. í matsáætlun segir undir „Framkvæmdatími“ „Framkvæmdir koma ekki til með að hafa áhrif á villta laxfiska svo ekki verður fjallað sérstaklega um þann þátt í frummatsskýrslunni.“ Hér er svoltið óljóst hvort eingöngu er átt við framkvæmdirnar sjálfar á framkvæmdatíma eða áhrif á villta laxfiska almennt á rekstrartíma en ekki er fjallað um þetta atriði undir „Rekstrartími“ á sömu blaðsíðu.

Virðingarfyllt

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is

